Stefnandi krefst ekki dráttarvaxta af kröfunni frá gjalddaga kröfunnar, heldur frá lokun reiknings til hagsbóta fyrir stefnda sbr. framangreint, til greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.5 og ákvæði um uppsögn lánssamnings í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi skráður óstaðsettur í hús og ekki er nána. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stöð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Innheimtuviðvörðun.
5. Innheimtubréf.
6. Samningur um yfirdráttarlán.
7. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, Reykjavík, þann 12. nóvember 2020, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 3 sólarhringar.

Reykjavík, 10. september 2020.

F. h. stefnanda,

Hjördís Gulla Gylfadóttir lögmaður.

(2020019792

Útgáfud.: 29. september 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Lárus Örn Arnarson, kt. 130294-2279, óstaðsettur í hús.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 7.065.426, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 136.487 frá 1. mars 2019 til 1. mars 2020, af kr. 276.620 frá 1. mars 2020 til 2. júlí 2020, af kr. 7.065.426 frá 2. júlí 2020 til greiðsludags.

Kröfunúmer: 1016-196607.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnda á árunum 2015-2016.

Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndiaf því tilefni út skuldabréf nr. G-440523 þann 6. júlí 2015 þar sem Örn Guðmundsson undirritaði skilmála lánsins í umboði stefnda, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, það er lokun skuldabréfsins sem í því tilviki sem hér um ræðir var þann 29. júní 2016. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við lokun þess, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 6.308.703 krónum miðað við grunnvísitölu 433,7.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt fyrrgreindum lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnínálþega árið á undan, að fráðreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2018 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2019. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 2. júní 2020 vegna verulegra vanskila stefndaen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 276.620 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 6.788.806 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 477,5 og 1% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir dags. 1. mars 2019 kr. 136.487.

- dags. 1. mars 2020 kr. 140.133.

Samtals kr. 276.620.

Gjaldfallnar eftirst. kr. 6.788.806.

Samtals eftirst. kr. 7.065.426.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. tl. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögheimili stefnda samkvæmt Þjóðskrá Íslands er

„óstaðsettur í hús“ og ekki hefur tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda, þrátt fyrir eftirgrennsan. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

Stefna.

Skrá.

Frumrit skuldabréfs nr. G-440523.

Umboð.

Yfirlit yfir útborganir lánsins.

Upplýsingar um námslok.

Yfirlit yfir greiðslustöðu láns.

Yfirlit yfir eftirstöðvar láns.

Innheimtuviðvörun.

Innheimtubréf.

Tilkynning um gjaldfellingu.

Útrentun úr Þjóðskrá Íslands.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 12. nóvember 2020, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 11. september 2020.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2020019966

Útgáfud.: 17. september 2020

Svipting fjárræðis - leiðrétting

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 15. september 2020 í máli nr. L-571/2020 var Böðvar Jens Ragnarsson, kt. 120374-3629, sviptur fjárræði í 2 ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Selfossi, 15. september 2020.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari.

(2020019173

Útgáfud.: 18. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 18. september 2020 í máli nr. L-550/2020 er Jón Guðmundsson, kt. 060439-7299, sviptur fjárræði sínu í 5 ár.

Héraðsdómi Suðurlands,

18. september 2020.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari.

(2020019239

Útgáfud.: 18. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 17. september 2020 í máli nr. L-4736/2020 var Candice Aþenu Jónsdóttur/Eyjólfi Jónssyni, kt. 160896-3539, Skálagerði 4, Reykjavík, svipt/sviptur fjárræði tímabundið frá 17. september 2020 til 17. september 2023.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 17. september 2020.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari.

(2020019241

Útgáfud.: 24. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Héðinn Helgason, kt. 110557-4859, Pálsgarði 2, Húsavík, sviptur fjárræði í fjögur ár frá 18. september 2020.

Akureyri, 22. september 2020.

Arnbjörg Sigurðardóttir.

(2020019768

Útgáfud.: 25. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 24. september 2020 í máli L-4978/2020, var Sólmundur Ernir Jónsson, kt. 250891-2889, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 24. september 2020.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari.

(2020019804

Útgáfud.: 28. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 25. september 2020 í máli L-5310/2020, var Stefán Brynjólfsson, kt. 061042-3349, sviptur fjárræði tímabundið í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 25. september 2020.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari.

(2020019875

Útgáfud.: 28. september 2020

Svipting fjárræðis og sjálfræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 24. september 2020 í máli nr. L-549/2020 er Steinunn S. Bernharðsdóttir Linn, kt. 091277-5309, svipt fjárræði og sjálfræði sínu í 3 ár.

Héraðsdómi Suðurlands,

24. september 2020.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari.

(2020019881

Útgáfud.: 18. september 2020

Auglýsing um friðlýsingu æðavarps í umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum.

Friðlýst er æðavarp í landi jarðarinnar Hraun, Grindavíkurbæ.

Hið friðlýsta svæðið er frá sjó austan heimatún, norður að þjóðvegi neðanverðu, í austur meðfram þjóðvegi að Dunkshelli niður á sjó. Land er afgirt frá þjóðvegi.

Uppdráttur af hinu friðlýsta svæði liggur frammi á skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33, 230 Reykjanesbæ. Ákvörðun þessi um friðlýsingu æðavarps gildir í 10 ár frá birtingu auglýsingar þessarar.

Keflavík, 15. september 2020.

F. h. sýslumannsins á Suðurnesjum,

Sigrún Harpa Bjarnadóttir fulltrúi.

(2020019234

Útgáfud.: 2. október 2020

Dómsbirting

Árið 2020, mánudaginn 31. ágúst, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði,, kveðinn upp í máli nr. S-1562/2020, ákærvaldið gegn Janis Driksna, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Ákærði, Janis Driksna, greiði 210.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 16 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dómsins að telja.

Ólafur Egill Jónsson.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Janis Driksna, kt. 090401-3780, ofangreindan dóm, er hann nú birtur samkvæmt 3. mgr. 185. gr., sbr. 3. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Skrifstofa lögreglustjórans á Suðurnesjum,
28. september 2020.

Ásmundur Jónsson saksóknarfulltrúi.

(2020020375

Útgáfud.: 2. október 2020

Dómsbirting

Árið 2020, þriðjudaginn 1. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-1557/2020, ákærvaldið gegn Aleksandre Pirtskhelava, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Ákærði, Aleksandre Pirtskhelava, georgískur ríkisborgari, sem kveðst fæddur 27. febrúar 1965, sæti fangelsi í 30 daga.

Ingimundur Einarsson.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Aleksandre Pirtskhelava, fd. 27. febrúar 1965, ofangreindan dóm, er hann nú birtur samkvæmt 3. mgr. 185. gr., sbr. 3. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Skrifstofa lögreglustjórans á Suðurnesjum,
28. september 2020.

Daníel Reynisson saksóknarfulltrúi.

(2020020377

Útgáfud.: 30. september 2020

Lögmansréttindi

Birkir Jóhannsson hefur lagt réttindi sín til málflutnings inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra á meðan hann stundar ekki lögmansstörf.

Réttindin eru því óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
28. september 2020.

(2020020305)

Útgáfud.: 1. október 2020

Boðun í þinghald - krafa um opinber skipti

Mál nr. D-614/020.

Héraðsdómi Suðurlands hefur borist krafa Sýslumannsins á Suðurlandi, kt. 680814-0150, Hörðuvöllum 1, Selfossi, um að dánarbú Kristjáns Bjarnasonar, kt. 251133-4689, sem var síðast til heimilis að Árgilsstöðum 2, 861 Hvolsvelli og lést 28. maí 2020, verði tekið til opinberra skipta, skv. 4 tölulið 37. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum og fleira. Krafa þessi verður tekin fyrir í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 11. nóvember 2020 kl. 10.45.

Fyrirkall: Hér með er lagt fyrir Ágústu Guðrúnu Ólafsdóttur, kt. 200683-4209, Danmörku og aðra þá sem eiga tilkall til arfs, að mæta fyrir dóminn á ofangreindum stað og tíma.

Ef ekki er sótt þing þegar krafan er tekin fyrir má vænta þess, að úrskurður verði felldur á hana eftir framkomnum gögnum og röksemdum. Vakin er athygli á að lögmaður má sækja þing fyrir hönd erfingja.

Héraðsdómi Suðurlands,
30. september 2020.

Sólveig Ingadóttir löglærður aðstoðarmaður dómara.

(2020020363)

Útgáfud.: 2. október 2020

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, Reykjavík, um töku bús Cory ehf., kt. 570914-0810, Þverbrekku 2, Kópavogi, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 5. nóvember 2020, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirvarsmann skuldarans, Magnús Torfa Jónsson, kt. 140269-3529, með óþekkt lögheimili í Danmörku, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 28. september 2020.

Erna Margrét Þórðardóttir aðstoðarmaður dómara.

(2020020373)

Útgáfud.: 2. október 2020

Fyrirkall og ákæra**Fyrirkall:**

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-3269/2020:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Neimantas Bilevicius, verður tekið fyrir á dómþingi 5. nóvember 2020 kl. 9.25.

Staður: Dómsalur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 24. september 2020.

Arna Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Neimantas Bilevicius, kt. 101088-5029, með óþekkt lögheimili, Litháen, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 25. október 2019, ekið bifreiðinni EG-947 án gildra ökuréttinda og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannabinól 3,6 ng/ml) um Straum í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 007- 2019-67114.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,
19. maí 2020.

Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari.

(2020020379)

Útgáfud.: 2. október 2020

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa lífeyrissjóðs verslunarmann kt. 430269-4459, Kringlunni 7, Reykjavík, um töku bús Malarhorns Restaurant ehf., kt. 500303-3280, Aðalbraut 26, Drangsnesi, til gjaldþrotaskipta, verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð verður í dómsal embættisins að Hafnarstræti 9, Ísafirði, miðvikudaginn 4. nóvember nk. kl. 13.50.

Hér með er lagt fyrir fyrirvarsmann gerðarþola, Þuríði Ásbjörnsdóttur, kt. 130281-4519, með ótilgreint lögheimili á Spáni, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum, ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Vestfjarða, 30. september 2020.
Jónas Jóhannsson héraðsdómari.

(2020020388

Útgáfud.: 2. október 2020

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-4467/2020:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Björn Bender, verður tekið fyrir á dómþingi 5. nóvember 2020 kl. 9.15.

Staður: Dómsalur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 24. september 2020.

Arna Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Birni Bender, kt. 280878-6189, án lögheimilis, fyrir eftirtalin hegningar- og sérrefsilagabrot:

1. Þjófnað með því að hafa, laugardaginn 2. mars 2019, stolið, úr verslun Símans í Kringlunni 4-12 í Reykjavík, Fitbit Versa úri að söluverðmæti 32.990 kr.

Mál nr. 007-2019-12223.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þjófnað með því að hafa, miðvikudaginn 3. júlí 2019, stolið, úr verslun Fíladelfíu kirkjunnar að Hátúni 2 í Reykjavík, bakpoka sem innihélt Lenovo fartölvu, Nikon myndavél, seðlaveski með greiðslukortum og vegabréfi brotþola, Aimee Lee Stauf, fd. 8.11.1993.

Mál nr. 007-2019-41660.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Nytjastuld og umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 17. mars 2020, í heimildarleysi tekið bifreiðina SP-179, við Barónsstíg í Reykjavík, og ekið henni sviptur ökurétti um borgina uns lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar við Eskihlíð 14 í Reykjavík.

Mál nr. 007-2020-13627.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er ennfremur krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á 1 töflu af contalgin og 1 töflu af rivotril, samkvæmt 3, sbr. 3. mgr. 49.

gr. lyfjalaga nr. 93/1994, en framangreind lyf fundust við líkamsleit lögreglu á ákærða, sbr. ákærulið nr. 2.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 14. júlí 2020.

Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari.

(2020020389

Útgáfud.: 2. október 2020

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, gerir kunnugt:

Gerð hefur verið krafa um að Rabiou Abiba, Ste Rita c/172 Cotonou, Benín greiði Mohammed Awal Abdallah einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með barni sínu frá 12. júní 2015 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Rabiou Abiba að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Vatnsnesvegi 33, mánudaginn 2. nóvember kl. 9.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Keflavík, 2. október 2020.

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum.

(2020020409

Útgáfud.: 5. október 2020

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2313/2020.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson saksóknarfulltrúi.

Ákærði: Jose Miguel Lopez Daza, fd. 15.7.1958, Spánn, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 11. nóvember 2020 kl. 10.00.

Staður: Salur 1, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 30. september 2020.

Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdóm Reykjaness á hendur: Jose Miguel Lopez Daza, fd. 15.7.1958, spænskum ríkisborgara, fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 24. júlí 2020 staðið að innflutningi á samtals 436,07 g af kókaíni (að styrkleika 19-28% kókaín, sem samsvarar 21-31% af

kókaínklóriði), ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni en fíkniefnin flutti ákærði til landsins sem farþegi með flugi FI-543 frá París, Frakklandi, falin innvortis í samtals 51 hylkjum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og að gerð verði upptæk framangreind 436,07 g af kókaíni, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 10/1997 og 68/2001, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og 789/2010.

Skrifstofa Lögreglustjórans á Suðurnesjum,
30. september 2020.

Ásmundur Jónsson saksóknarfulltrúi.

(2020020484

Útgáfud.: 29. september 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 17. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Gröfu- og verkþjónustan ehf., kt. 651095-2399, Skólagerði 65, Kópavogi 2020019376)	6. júlí 2020	miðvikudaginn 9. desember 2020, kl. 9.00
Ólafur Magnússon, 8. júní 2020 kt. 160364-5999, Borgarholtsbraut 65, Kópavogi 2020019375)	8. júní 2020	miðvikudaginn 9. desember 2020, kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 182, 3. hæð, 105 Reykjavík, ADVEL lögmenn slf.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 182, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja

frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 18. september
2020.

F.h. Stefáns Þórs
Ingimarssonar lögmenns,
Sigurður Rúnar Birgisson
lögmaður.

(2020019374B

Útgáfud.: 30. september 2020

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 14. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Bech Hospitality ehf., kt. 420518-1880, Lindargötu 2C, Siglufirði 2020019739)	11. júní 2020	þriðjudaginn 8. desember 2020, kl. 9.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllum þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 19b, 600 Akureyri, Lögmennsstofu Norðurlands.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 19b, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 15. september
2020.

Birgir Örn Guðmundsson
hdl.

(2020019738B

Útgáfud.: 30. september 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 15. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Elí Pétursson,
kt. 030264-2239,
Eyrarlæk 2a,
Selfossi

Frestdagur: 1. september 2020

Skiptafundur: mánudaginn
30. nóvember
2020,
kl. 10.30

2020019741)

Nafn bús: Guðmundur A.
Ástráðsson,
kt. 200685-3189,
Eystri-Hellum,
Flóahreppi

Frestdagur: 3. september 2020

Skiptafundur: mánudaginn
30. nóvember
2020,
kl. 10.00

2020019742)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfoss, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Selfossi, 17. september 2020.

Sverrir Sigurjónsson
lögmaður.

(2020019740B

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 17. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Endurverk ehf.,
kt. 470307-0720,
Hábrekku 3,
Ólafsvík

Frestdagur: 30. júní 2020

Skiptafundur: föstudaginn
18. desember 2020,
kl. 13.00

2020019754)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og

ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 17. september
2020.

Lilja Björg Ágústsdóttir
lögmaður.

(2020019753B

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 16. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Heiða Rós
Eyjófsdóttir,
kt. 140874-3889,
Brimslóð 14,
Blönduósi

Frestdagur: 26. ágúst 2020

Skiptafundur: þriðjudaginn
8. desember 2020,
kl. 9.30

2020019762)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarsíðu 8, 550 Sauðárkróki.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarsíðu 8, Sauðárkróki, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Sauðárkróki, 18. september
2020.

Einar Sigurjónsson
lögmaður.

(2020019761B

Útgáfud.: 1. október 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum.

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: **Frestdagur:** **Skiptafundur:**
6699 ehf., 29. júlí 2020 mánudaginn
kt. 581109-0400, 21. desember 2020,
Valsheiði 3, kl. 10.30
Hveragerði
2020019765)

A001 ehf., 9. júní 2020 mánudaginn
kt. 650119-1340, 21. desember 2020,
Arnarsmára 28, kl. 13.00
Kópavogi
2020019766)

SR verk ehf., 8. júní 2020 mánudaginn
kt. 640914-1220, 21. desember 2020,
Borgarheiði 11v, kl. 14.00
Hveragerði
2020019767)

XS ehf., 29. júlí 2020 mánudaginn
kt. 520906-1690, 21. desember 2020,
Gauksríma 1, kl. 10.00
Selfossi
2020019764)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Selfossi, 21. september 2020.

Aníta Rögnvaldsdóttir
lögmaður.

(2020019763B

Útgáfud.: 2. október 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 17. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: **Frestdagur:** **Skiptafundur:**

Efstihóll ehf., 15. júlí 2020 fimmtudaginn
kt. 430502-3360, 3. desember 2020,
Dalvegi 16b, kl. 10.00
Kópavogi
2020019799)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 22. september 2020.

Krístún Elsa Harðardóttir
lögmaður.

(2020019798B

Útgáfud.: 6. október 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 17. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: **Frestdagur:** **Skiptafundur:**
B19 ehf., 18. júní 2020 miðvikudaginn
kt. 490211-0550, 9. desember 2020,
Nýbýlavegi 4, kl. 10.00
Kópavogi
2020019974)

Jón Ófeigur 12. ágúst 2020 miðvikudaginn
Hallfreðsson, 9. desember 2020,
kt. 200193-3189, kl. 11.00
Hörðukór 5,
Kópavogi
2020019973)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að skrifstofu Foss lögmanna, Langhóltsvegi 111, 104 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á

skrifstofu skiptastjóra að Langholtsvegi 111, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 23. september 2020.

Sigþór H. Guðmundsson
lögmaður.

(2020019972B)

Útgáfud.: 30. september 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
SÍ-14 ehf., kt. 470715-0490, Ármúla 6, Reykjavík 2020020289)	21. febrúar 2020	föstudaginn 18. desember 2020, kl. 11.00

Tinkal ehf., kt. 531204-2980, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi 2020020290)	21. febrúar 2020	föstudaginn 18. desember 2020, kl. 10.00
---	------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 24. september 2020.

Elva Ósk S. Wíium
lögmaður.

(2020020288A)

Útgáfud.: 30. september 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Andri Þór Lárusson, kt. 091195-2759, Lundur 21, Kópavogi 2020020316)	20. janúar 2020	mánudaginn 7. desember 2020, kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði, Lögmanns Thorsplani.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hafnarfirði, 14. september 2020.

Guðmundur Skúli
Hartvigsson lögmaður.

(2020020315A)

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 16. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Járntækni ehf., kt. 531016-1300, Galtarnesi, 531 Hvammstanga 2020020335)	15. maí 2020	föstudaginn 11. desember 2020, kl. 9.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sæmundargötu 1, 550 Sauðárkróki.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sæmundargötu 1, Sauðárkróki, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Sauðárkrókur, 25. september 2020.

Sunna Björk Atladóttir
lögmaður.

(2020020334A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
ORB Miðlun ehf., kt. 550506-0330, Freyjugötu 34, Reykjavík 2020020337)	19. desember 2019	fimmtudaginn 10. desember 2020, kl. 11.00

Sverrir Einar Eiríksson, kt. 280271-4629, Skiptaholti 27, Reykjavík 2020020338)	24. júní 2020	fimmtudaginn 10. desember 2020, kl. 10.00
--	---------------	---

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kringlunni 7, 8. hæð, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, 8. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 25. september 2020.

Vilhjálmur Bergs
lögmaður.

(2020020336A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Þór Ostensen, kt. 100955-2109, Akurhvarfi 3, Kópavogi 2020020341)	14. september 2020	Þriðjudaginn 15. desember 2020, kl. 9.15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hafnarfirði, 24. september 2020.

Stefán BJ. Gunnlaugsson
hrl.

(2020020340A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Gluggasmiðjan ehf., kt. 701286-1709, Viðarhöfða 3, Reykjavík 2020020349)	4. júní 2020	mánudaginn 21. desember 2020, kl. 10.00

Hótelkeðjan ehf., kt. 471204-2340, Austurstræti 6, Reykjavík 2020020348)	11. júní 2020	mánudaginn 21. desember 2020, kl. 10.30
--	---------------	---

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 105 Reykjavík (LEX ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 3. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 25. september
2020.

Lilja Jónasdóttir lögmaður.
(2020020347A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Þórarinn B. Ingvarsson, kt. 010468-3459, Tunguseli 10, Reykjavík 2020020356)	29. apríl 2020	föstudaginn 13. nóvember 2020, kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, til Lögmannna Sundagörðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Sundagörðum 2, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 30. september
2020.

**Guðbrandur Jóhannesson
Irl.**

(2020020355A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Agnar Ari Agnarsson, kt. 060789-2669, Borgartúni 27, Reykjavík 2020020361)	11. september 2020	miðvikudaginn 16. desember 2020, kl. 13.00
Sigmar Örn Ásgrímsson, kt. 301187-2979, Borgartúni 27, Reykjavík 2020020360)	3. september 2020	miðvikudaginn 16. desember 2020, kl. 15.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartún 27, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 29. september
2020.

F.h. Ásu Kristínar
Óskarsdóttur lögmanns,
Davíð Freyr Guðjónsson.
(2020020359A

Útgáfud.: 1. október 2020

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: H - Eyjar ehf.,
kt. 540269-6029,
Laugavegi 166,
Reykjavík
2020020367)

Frestdagur: 31. janúar 2020

Skiptafundur: þriðjudaginn
8. desember 2020,
kl. 14.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 28. september
2020.

Sigurður R. Arnalds
lögmaður.

(2020020366A

Útgáfud.: 2. október 2020

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: B123 ehf. (áður
Prentsmiðjan
Leturprent ehf.),
kt. 610909-0940,
Dugguvogi 12,
Reykjavík
2020020385)

Frestdagur: 10. ágúst 2020

Skiptafundur: miðvikudaginn
9. desember 2020,
kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík, Jónatansson & Co. lögfræðistofa.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á

þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 16. september
2020.

Hróbjartur Jónatansson
hrl.

(2020020384A

Útgáfud.: 5. október 2020

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 18. september 2020 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Gistihúsið
Langaholt ehf.,
kt. 701100-3790,
Ytri Görðum,
Snæfellsbæ
2020020480)

Frestdagur: 27. júlí 2020

Skiptafundur: föstudaginn
18. desember 2020,
kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kirkjubraut 40,

300 Akranesi, Íslensku málflutningsstofunni.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjubraut 40, Akranesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akranesi, 18. september
2020.

Guðmundur St. Ragnarsson
lögmaður.

(2020020479A

Útgáfud.: 30. september 2020

Þinghald til staðfestingar nauðasamnings

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, kveðnum upp 10. júlí 2020, var Krydd Veitingahúsi ehf., kt. 550318-1720, Strandgötu 34, Hafnarfirði, veitt heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt ákvæðum 3. þáttar laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sama dag var Guðmundur

Skúli Hartvigsson lögmaður skipaður umsjónarmaður með framkvæmd nauðasamningsumleitananna.

Skuldari hefur með bréfi dagsettu 22. september 2020, móttæknu af Héraðsdómi Reykjaness 23. september 2020, tilkynnt að frumvarp að nauðasamningi hafi verið samþykkt af 61,15% atkvæðismanna skv. kröfufjárhæðum og 85% af höfðatölu. Af hálfu skuldara er þess krafist að nauðasamningur verði staðfestur samkvæmt frumvarpinu. Umsjónarmaður hefur mælt með því að svo verði gert.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á þéttbýlisupprætti sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst m.a. skilgreining iðnaðarsvæðis vegna fyrirhugaðs hreinsivirkis fyrir fráveitu með minnkun íbúðasvæðis Íb4, skilgreining útivistarsvæðis norðan þéttbýlisins og minnkun íbúðasvæðis Íb2 á sama svæði, skilgreining á íþróttasvæði Í1 og minnkun íbúðasvæðis Íb4, skilgreining tjaldsvæðis T6 og niðurfelling A2 sem verður skilgreint sem útivistarsvæði Ú8 auk skilgreiningar á íbúðasvæði sem var áður blandað svæði íbúðar- og athafnasvæði AT1.

Deiliskipulagsmál.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

3. Kjarnholt 2 L205291; Sameining lóða; Deiliskipulag - 2008099.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. september 2020 deiliskipulag að Kjarnholti 2. Deiliskipulagið tekur til veggja lóða L192978 og L205291. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhúsi, bílskúr, gróðurhúsi og hesthúsi.

4. Laugarvatn - þéttbýli L224243 - Deiliskipulag, heildar endurskoðun.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2020 heildar endurskoðun deiliskipulags að Laugarvatni. Deiliskipulagið tekur til þéttbýlisins í heild ef frá eru talin tjaldsvæði, hjólhýsasvæði og svæði merkt ÍB19 á þéttbýlisupprætti aðalskipulags. Frá gildistöku nágildandi deiliskipulags hafa verið gerðar 12 breytingar og eru þær teknar inn í heildar endurskoðun skipulagsins.

5. Stöng og Gjáin í Þjórsárdal - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september 2020 deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal. Deiliskipulagssvæðið er í tvennu lagi og er um 11 ha að stærð, annarsvegar er um að ræða Stöng og nágrenni og hins vegar Gjána. Innan skipulagsins er m.a. gert grein fyrir stígum, heimildum fyrir stækkun núverandi húss sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins, aðgengi fyrir hreyfihamlaða innan svæðisins og skilgreiningu bílastæða. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á salernisaðstöðu og geymslu auk göngubrúar yfir Rauða. Gert er ráð fyrir hringleið um Gjána með brúm yfir ár og læki auk útsýnispalla og áningarstaða. Skilgreindur er tröppustígur niður í Gjána að austanverður.

6. Sæluvellir (áður Réttarholt land) L189447 - Sælugrund, Leiti - Verslunar- og þjónustulóðir og landbúnaðarland - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september 2020 deiliskipulag fyrir Sæluvelli, Sælugrund og Leiti. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins sem tekur til 9 byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir gistipjónustu í landi Réttarholts, á verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarhúsum á landbúnaðarlandi í landi Leitis og Réttarholts.

7. Syðra-Langholt 6 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. september 2020 deiliskipulag að Syðra-Langholti 6, L223470. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan lóðar þar sem m.a. er gert ráð fyrir sambyggðri reiðskemmu og hesthúsi, heimild fyrir bílskúr við núverandi íbúðarhús auk heimilda fyrir allt að 5 litlum gistihúsum auk þjónustuhúss og skemmu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna:

<https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is>,
<https://www.fludir.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagslýsingar eru í kynningu frá 7. október 2020 til og með 28. október 2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 28. október 2020.

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 7. október 2020 til og með 20. nóvember 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 20. nóvember 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni, eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson

skipulagsfulltrúi UTU.

(2020020618)

Útgáfud.: 7. október 2020

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Skagafjörður

Deiliskipulagsmál.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

1. Neðri-Ás 2, land 3 og 4, í Hjaltadal. Skagafirði.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á fundi 23. september 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Neðri-Ás 2, land 3 og land 4 í Hjaltadal, sem er um 8,5 ha spilda sem staðsett er á ási, sem skilur að Hjaltadal í vestri og Kolbeinsdal í austri. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 9 lóðum undir frístundahús og 9 lóðum fyrir orlofshúsabyggð. Fyrir eru á svæðinu nokkur frístundahús. Aðkoma að svæðinu er um Siglufjarðarveg og um aðkomuveg af Ásavegi. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 og endurskoðað sðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem er í vinnslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast gögn á vefslóðinni <http://www.skagafjordur.is>.

Deiliskipulagstillagan er í auglýsingu frá 7. október með athugasemdafresti til 18. nóvember 2020.

Þeir aðilar sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir og eða ábendingar við tillögu og er frestur til að skila inn ábendingum/athugasemdum til 18. nóvember 2020.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og má afhenda á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Skagfirðingabraut 21 Sauðárkróki, eða senda á netfangið runargu@skagafjordur.is.

Rúnar Guðmundsson

skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

(2020020809

Útgáfud.: 7. október 2020

Auglýsing um skipulag - Hvalfjarðarsveit*Krossland-deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínu þann 22. september að auglýsa deiliskipulagstillögu Krosslands samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Í gildandi deiliskipulagi sem fellur úr gildi við samþykkt nýs deiliskipulags eru nokkrar breytingar sem hafa verið gerðar á því og talin er þörf á að taka saman þær breytingar og gera fyrirhugaðar breytingar í nýju endurskoðuðu skipulagi.

Tillagan gerir ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu með mismunandi húsagerðum til að mæta auknum kröfum varðandi uppbyggingu og stækkun í kringum þéttbýlið í nálægð við Akranes og höfuðborgarsvæði. Gert er ráð fyrir allt að 126 íbúðum á 31 lóð.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is.

Kynning verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar föstudaginn 9.október á milli 10.00-12.00.

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3. 301 Akranesi eða netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is, merkt „Krossland“ fyrir 20. nóvember 2020.

Bogi Kristinsson Magnusen

skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

(2020020895

Útgáfud.: 7. október 2020

Auglýsing um skipulag - Hvalfjarðarsveit*Melahverfi II - br. á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa deiliskipulagsbreytingar á Melahverfi II samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felst í meginatriðum að breyta skipulagsmörkum með hliðsjón af skógræktarsvæðinu og draga úr umfangi íbúðarbyggðar þar. Innan breyttra deiliskipulagsmarka Melahverfis II er fyrirkomulagi lóða og skilmálum um íbúðalóðir breytt.

Helstu markmið deiliskipulagsins eru:

- að mæta eftirspurn fyrir nýjar íbúðahúsalóðir í Hvalfjarðarsveit.
- að fella fyrirhugaða byggð að núverandi byggð í Melahverfi og mynda sterka bæjarheild.

- að bjóða upp á fjölbreytni í búsetuformi og skapa búsetuskilyrði fyrir breiðan og ólíkan samfélagshóp.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is.

Kynning verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar föstudaginn 9. október á milli 10.00-12.00.

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3. 301 Akranesi eða netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is, merkt „Melahverfi II“ fyrir 20. nóvember 2020.

Bogi Kristinsson Magnusen

skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

(2020020896

Útgáfud.: 30. september 2020

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir: Skriftir ehf.**Kt.: 550920-2040.**Heimili og varnarþing: Auðarstræti 9, 105 Reykjavík.**Dagsetning samþykktar er: 1. september 2020.**Stofnendur: Magnús Teitsson, kt. 190472-5319, Auðarstræti 9, 105 Reykjavík.**Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. september 2020.**Stjórnarmaður: Magnús Teitsson. Varastjórn: Valgerður Magnúsdóttir, kt. 240249-3329, Eyktarási 14, 110 Reykjavík.**Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn: Magnús Teitsson.**Prókúruumboð: Magnús Teitsson.**Skóðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.**Hlutfé kr.: 500.000 ISK**Tilgangur: Tilgangur félagsins er að sinna prófarkalestri, þýðingum og annarri textavinnu.**Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.***Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2020020302

Útgáfud.: 30. september 2020

Stefna - til ógildingar á hlutabréfi**Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,****Jón Höskuldsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jóhannes Ásgeirsson hrl. að hann þurfi fyrir hönd dánarbús Einars Arnar Björnssonar, kt. 080725-3029, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á neðangreindu hlutabréfi.

Málflutningsumboð: Jóhannes Ásgeirsson hrl. Skólavörðustíg 6 b, Reykjavík flytur mál þetta sem skiptastjóri dánarbúsins.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirtalið hlutabréf að nafnverði kr. 114.660 í Garðræktarfélagi Reykhverfinga hf., kt. 570169-7779.

Málavextir og málsástæður: Dánarbú Einars Arnar Björnssonar, kt. 080725-3029, síðast með lögheimili að Faxabraut 13 í Reykjanesbæ og lést 7. maí 2015 var tekið til opinberra skipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, þann 29. janúar 2020. Jóhannes Ásgeirsson hrl. var skipaður skiptastjóri. Á síðast gerða skattframtali Einars heitins var tilgreint hlutabréf að nafnverði kr. 114.660 í Garðræktarfélagi Reykhverfinga hf., kt. 570169-7779. Hlutabréf þetta hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennsln. Samkvæmt upplýsingum erfingja Einars heitins þá var hlutabréfið í hans vörslu þegar hann var á lífi. Innlausnarverð hlutabréfsins verður ekki greitt dánarbúinu fyrr en staðreynt sé með ógildingardómi að aðrir telji sig ekki hafa verið eigendur bréfsins. Því er nauðsynlegt að höfða mál þetta til ógildingar á hlutabréfinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og c-liðar 89. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verða lögð fram eftirtalin gögn:

Stefna þessi.

Skrá yfir framlögð skjöl.

Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness.

Endurrit úr þingbók Héraðsdóms Reykjaness.

Auglýsing birt í Lögbirtingablaði.

Ljósrit af sambærilegu hlutabréfi.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kynni að hafa framangreint hlutabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal 1 í Dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 4. nóvember 2020, kl. 9.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til hlutabréfsins, þar sem ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 8. september 2020.

Jón Höskuldsson dómstjóri.

(2020020111)

Útgáfud.: 2. október 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfum

Dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands,

Ásgeir Magnússon,

dómhúsinu Bjarnarbraut 8, Borgarnesi,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Tómas Þorvaldsson hdl., kt. 230753-3939, Laugavegi 77, Reykjavík, að hann þurfi f.h.

Árskógs ehf., kt. 680390-1349, Ásbyrgi, Mosfellsbæ, að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur þeim sem kunna að hafa neðangreind veðskuldabréf undir höndum, til ógildingar þeirra.

Dómkröfur: Að ógild verði með dómi tvö veðskuldabréf. Annað veðskuldabréfið var útgefið í Reykjavík 30. nóvember 2008 af Árskógi ehf., kt. 680390-1349, til heimilis að Ásbyrgi, Mosfellsbæ, til handhafa bréfsins, upphaflega að fjárhæð kr. 6.000.000, skrifað: sexmilljónir 00/100 og tryggt með fyrsta veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni, sem er sumarhús og geymsla, Refsholt 4, Skorradalshreppi, fnr. 227-5957. Veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Borgarnesi þann 28. janúar 2009, innfært í þinglýsingarbók 29. janúar 2009 og hlaut þinglýsingarnúmerið M-299/2009. Hitt veðskuldabréfið var útgefið í Reykjavík 30. nóvember 2008 af Árskógi ehf., kt. 680390-1349, til heimilis að Ásbyrgi, Mosfellsbæ, til handhafa bréfsins, upphaflega að fjárhæð kr. 6.100.000, skrifað: sexmilljónirogeitthundraðþúsund 00/100 og tryggt með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni sem er sumarhús og geymsla, Refsholt 4, Skorradalshreppi, fnr. 227-5957. Veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Borgarnesi þann 28. janúar 2009, innfært í þinglýsingarbók 29. janúar 2009 og hlaut þinglýsingarnúmerið M-300/2009.

Fyrirsvar: Tómas Þorvaldsson hdl. fer með mál þetta f.h. stefnanda.

Málavextir, málsástæður og lagarök: Veðskuldabréfin voru útgefin í Reykjavík 30. nóvember 2008 af Árskógi ehf., kt. 680390-1349, Ásbyrgi, Mosfellsbæ, til handhafa bréfanna, annað bréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 6.000.000, upphaflega tryggt með fyrsta veðrétti og uppfærslurétti sumarhúsi Refsholt 4, Skorradalshreppi, fnr. 227-5957 ásamt öllu sem tilheyrir þ.m.t. lóð og hitt bréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 6.100.000, upphaflega tryggt með öðrum veðrétti og uppfærslurétti sumarhúsi Refsholt 4, Skorradalshreppi, fnr. 227-5957 ásamt öllu sem tilheyrir þ.m.t. lóð.

Veðskuldabréfin voru móttekin til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Borgarnesi þann 28. janúar 2009, innfærð í þinglýsingabók 29. janúar 2009 og hlutu þinglýsinganúmerin M-299/2009 og M-300/2009.

Lánstími beggja bréfa var 25 ár með 25 gjalddögum og skyldi fyrsti gjalddagi beggja bréfa vera 20.01.2010 og síðan þann dag ár hvert. Veðskuldabréfin bera með sér að þau bera ekki vexti og skv. 5. mgr. beggja veðskuldabréfa er heimilt að fella lánin í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar ef vanskil standa yfir í 15 daga eða lengur. Veðskuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 327,9.

Krafa stefnanda byggir á því að frumrit veðskuldabréfanna hafa glatast, hafa ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennsln og þess vegna er nauðsynlegt að fá bréfin ógild með dómi og síðan aflétt af veðandlagi þeirra.

Nauðsynlegt er að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu, því ekki er kunnugt hver hefur veðskuldabréfin undir höndum í dag og því er málssókn þessi nauðsynleg.

Þar sem ekki er mögulegt að fá veðskuldabréfin leyst úr veðböndum þeirrar fasteignar sem þau hvíla á án frumrita þeirra eða ógildingardóms er stefnandi sem útgefandi bréfanna og þinglýstum eiganda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfin ógild með dómi.

Lagarök: Vísað er til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing er vísað til 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi er útgefandi veðskuldabréfanna og þinglýstur eigandi fasteignarinnar sumarhússins Refsholt 4, Skorradalshreppi, fnr. 227-5957, sem veðskuldabréfin hvíla á, sbr. hdskj. nr. 4.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl máli sínu til sönnunar:

1. Stefnu.
2. Skrá.
3. Ljósrit veðskuldabréfa.
4. Veðbandayfirlit.
5. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa undir höndum framangreind veðskuldabréf eða telur til réttar yfir þeim, að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands sem háð verður að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, 3. nóvember 2020, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn að sinni hálfu og þá sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. september 2020.

Ásgeir Magnússon

dómstjórinn á Vesturlandi.

(2020020383)

Útgáfud.: 2. október 2020

Stefna - til greiðslu skuldar.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Valitor hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, Hafnarfirði.

Stefnda: Eva María Jónasdóttir, kt. 151092-2769, Ótilgreint.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 392.710 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 26.308 frá 1. ágúst 2019 til 1. september 2019, af kr. 52.330 frá 1. september 2019 til 1. október 2019, af kr. 78.140 frá 1. október 2019 til 1. nóvember 2019, af kr. 103.739 frá 1. nóvember 2019 til 1. desember 2019, af kr. 129.126 frá 1. desember 2019 til 1. janúar 2020, af kr. 154.302 frá 1. janúar 2020 til 1. febrúar 2020, af kr. 179.267 frá 1. febrúar

2020 til 1. mars 2020, af kr. 204.020 frá 1. mars 2020 til 1. apríl 2020, af kr. 228.562 frá 1. apríl 2020 til 1. maí 2020, af kr. 252.762 frá 1. maí 2020 til 1. júní 2020, af kr. 276.769 frá 1. júní 2020 til 1. júlí 2020, af kr. 300.583 frá 1. júlí 2020 til 1. ágúst 2020, af kr. 324.167 frá 1. ágúst 2020 til 1. september 2020, af kr. 347.568 frá 1. september 2020 til 1. október 2020, af kr. 370.258 frá 1. október 2020 til 1. nóvember 2020, af kr. 392.710 frá 1. nóvember 2020 til greiðsludags. Kröfunúmer 5100-002189.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt meðfylgjandi málskostnaðarreikningi, meðal annars vegna útlagðs kostnaðar og að teknu tilliti til virðisaukaskattskyldu lögmanna, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Málsatvik og málsástæður: Stefndi keypti vörur og þjónustu af Netbifreiðasölunni ehf. þann 18. október 2017. Stefnandi lánaði stefnda fé til að fjármagna kaupin. Höfuðstóll lánsins var kr. 808.062 sem stefndi lofaði að greiða með 36 mánaðarlegum jöfnum afborgunum, í fyrsta sinn 1. desember 2017. Lánið átti að greiðast með mánaðarlegum skuldfærslum á greiðslukortareikning stefnda. Lánið er í vanskilum frá 1. ágúst 2019. Stefndi hefur fengið greiðslutilmæli frá stefnanda á hverjum gjalddaga, eftir að skuldfærsla á kreditkort hans var ekki samþykkt. Frumrit lánsamningsins er í vörslum söluaðila, auk þess sem stefndi fékk af honum afrit.

Stefndi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár skráður með ótilgreint lögheimili og þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði. Dómkrafan sundurliðast þannig:

Hver afborgun samanstendur af höfuðstól, samningsvöxtum og innheimtugaldi samkvæmt gjaldskrá stefnanda. Samtals nema framangreindar fjárhæðir **kr. 392.710** sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi er tilgreindur og miðast dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi hefur gert ítrekaðar tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginheimtu, eins og framlagt yfirlit ber með sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörðun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir á meginreglum kröfu- og samningaréttar um réttar efndir samningsskuldbindinga og úrræði vegna vanefnda skuldara. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 42. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi kostnað kröfuhafa fyrir löginheimtu er vísað til 7. og 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr

hendi stefnda. Stefna þessi er birt í Lögbirtingarblaði skv. heimild í 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram yfirlit kortaláns, afrit kortaláns, gildandi gjaldskrá stefnanda, útprentun úr Þjóðskrá og málskostnaðarreikning til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna á síðari stigum málsins, gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1 í húsnæði héraðsdómsins, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 4. nóvember 2020, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 21. september 2020.
F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Arndís Sveinbjörnsdóttir hdl.

(2020020405)

Útgáfud.: 2. október 2020

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands,
Ásgeir Magnússon,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur St. Ragnarsson, hdl. að hann þurfi fyrir hönd Gísla Þórs Gíslasonar, með kennitöluna 210893-2459 og til heimilis að Kirkjubraut 2, Akranesi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu af stefnanda.

I. Dómkröfur: Stefndi kveðst gera þær dómkröfur í máli þessu, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið á Akranesi hinn 8. nóvember 2019 af stefnanda. Veðskuldabréfið er sett til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum stefnanda sem veðþola og fjárskuldbindingum hans eða síðar tilgreinds aðila við handahafa bréfsins eða þann sem handhafi vísar til, í hvaða formi sem skuldbindingarnar eru eða verða á hverjum tíma, allt eftir vali handhafa og hvort sem um er að ræða höfuðstól, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefnist, samtals að fjárhæð 9.000.000 krónur og skal sú fjárhæð vera vaxtalaus.

Veðskuldabréfið, sem er óverðtryggt með heimild til aðfarar og beinnar nauðungarsölu, fékk úthlutað skjalnúmerið A02262 til auðkenningar þegar bréfið var móttækið til þinglýsingar þann 18. nóvember 2019 en ber yfirskriftina „Veðskuldabréf“. Bréfið tryggir skuldbindingar stefnanda gagnvart handhafa bréfsins.

II. Fyrirsvar: Guðmundur St. Ragnarsson hdl., með kennitöluna 010559-5919, Íslensku málflutningsstofnunni,

Kirkjubraut 40, Akranesi, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda, Gísla Þórs Gíslasonar, með kennitöluna 210893-2459, og til heimilis að Kirkjubraut 2, Akranesi.

III. Málsástæður: Stefndi kveður framangreint veðskuldabréf hvíla á 3. veðrétti með uppfærslurétti á fasteigninni nr. 2 við Kirkjubraut, Akranesi, með fastanr. 210-2071, sem sé þinglýst eign stefnanda. Veðskuldabréfið var upphaflega gefið út í tengslum við það að faðir stefnanda, sem var áður í sambúð með kröfuhafa veðskuldarinnar, áformaði að veita honum lán er næmi fjárhæð bréfsins til að fjármagna skuldauppgjör hjá stefnanda. Hins vegar hafi ekkert orðið af umræddri lánveitingu og sambúðarslit urðu hjá föður stefnanda og handhafa bréfsins. Standa því engar skuldir að baki veðskuldabréfinu og hefur handhafi bréfsins undirritað yfirlýsingu þess efnis. Stefndi hafi hins vegar láðst að aflýsa bréfinu og það glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Þar sem ekki sé mögulegt að fá veðskuldabréfið afmáð af fasteign stefnanda án frumrits þess eða ógildingardóms sé honum nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi.

IV. Lagarök: Stefndi kveðst varðandi lagarök vísa til 120. -121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísar stefndi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

V. Sönnunargögn: Stefndi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins þessi gögn:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skjalaskrá.
3. Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefnan birtist í.
4. Ljósrit tryggingarbréfs.
5. Yfirlýsing Þórdísar Ingibjartsdóttur.
6. Veðbókavottorð vegna fasteignarinnar með fastanr. 210-2071, Kirkjubraut 2, Akranesi.

VI. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands sem háð verður í sal dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þann 3. nóvember 2020, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Borgarnesi, 28. september 2020.
Ásgeir Magnússon dómstjóri.

(2020020410)

Útgáfud.: 6. október 2020

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefndi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 150 Reykjavík

Stefndi: Catherine P Brooks, kt. 210348-2209, aldrei haft lögheimili á Íslandi.

Málflutningsumboð: Undirrituð/undirritaður, Anna Svava Þórðardóttir lög., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 49.413, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 16.471 frá 1. júní 2019 til 2. júlí 2019, af kr. 32.942 frá 2. júlí 2019 til 3. ágúst 2019, af kr. 49.413 frá 3. ágúst 2019 til greiðsludags. Kröfunúmer 5919-000095.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í fasteign stefndu að Lækjargötu 4, Reykjavík, fnr. 200-2688.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á vangoldnum gjalddögum samkvæmt framlögðum álagningarseðli fasteignagjalda fyrir árið 2019 og sundurliðast krafan svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	1.6.2019	1.6.2019	16.471
2	2.7.2019	2.7.2019	16.471
3	3.8.2019	3.8.2019	16.471

Samtals kr. 49.413 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðli fasteignagjalda fyrir fasteign stefndu að Lækjargötu 4, Reykjavík, fnr. 200-2688. Um er að ræða fasteignagjöld fyrir árið 2019. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefndu til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Stefndi hefur aldrei haft lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á heimilisfangi stefndu og stefnandi hefur enga vitneskju um hvar til hennar verður náð. Á stefnandi því ekki annarra kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði samkvæmt heimild í a.-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdarfærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Stefndi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, einkum 7. gr. laganna.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast

til 35. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu er vísað til a.-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Álagningarseðill.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu v. Lækjartog, dómsal 102, Reykjavík, þann 19. nóvember 2020, kl. 10.00 og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufréstur er 30 dagar.

Reykjavík, 1. október 2020.

F. h. stefnanda,

Anna Svava Þórðardóttir lögmaður.

(2020020581

Útgáfud.: 6. október 2020

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík.

Stefndi: Hadeel Ibrahim, kt. 060983-2919, aldrei haft lögheimili á Íslandi.

Málflutningsumboð: Undirrituð/undirritaður, Anna Svava Þórðardóttir lögmaður, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 18.378,00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 18.378,00 frá 02.10.2019 til greiðsludags. Kröfunúmer 5919-000613.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í fasteign stefnda að Kárastíg 7, Reykjavík, fnr. 200-6482.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á vangoldnum gjalddögum samkvæmt framlögðum álagningarseðli fasteignagjalda fyrir árið 2019:

1.	28.11.2019	2.10.2019	18.378
----	------------	-----------	--------

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðli fasteignagjalda fyrir fasteign stefnda að Kárastíg 7, Reykjavík, fnr. 200-6482. Um er að ræða októbergjalddaga 2019. Krafist er

staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Stefndi hefur aldrei haft lögheimili á Íslandi samkvæmt Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgennslan hefur ekki tekist að hafa upp á heimilisfangi stefnda og stefnandi hefur enga vitneskju um hvar til hans verður náð. Á stefnandi því ekki annarra kosta völ en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði samkvæmt heimild í a.-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna ef þurfa þykir.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, einkum 7.gr. laganna.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu er vísað til a.-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Álagningarseðill.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 19. nóvember 2020, kl. 10.00 og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 2. október 2020.

F. h. stefnanda,

Anna Svava Þórðardóttir lögmaður.

(2020020591

Útgáfud.: 6. október 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: ertu að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldum aðilum: Þóra

Halldóra Sverrisdóttir, kt. 040767-5689, óstaðsett í hús og Rúnar Sigurður Ólafsson, kt. 260886-2319, Fellahvarfi 2, Kópavogi og Sonja Berg, kt. 010743-3039, óstaðsett í hús.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt 1.235.462 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr 136.487 frá 1. mars 2019 til 1. mars 2020, af kr. 276.620 frá 1. mars 2020 til 28. ágúst 2020, af kr. 1.235.462 frá 28. ágúst 2020 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-006417.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu Þóru sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2008. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndaÞóraútlán skuldabréf nr. G-072470 þann 10. september 2007 þar sem Guðrún S. Ólafsdóttir undirritaði skilmála lánsins í umboði stefndu Þóru, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, það er lokun skuldabréfsins sem í því tilviki sem hér um ræðir var þann 29. júní 2008. Jafnframt veitti stefnda Þóra stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við lokun þess, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 863.391 krónum miðað við grunnvísitölu 300,3.

StefndaSonja tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann sama dag, fyrir fjárhæð allt að 7.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 271,0. Stefndi Rúnar tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 8. febrúar 2008, fyrir fjárhæð allt að 2.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 271,0. Þá tóku ábyrgðirnar til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2010 en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram til 1. mars 2019 þar sem lántakandi var í greiðsluskjóli vegna umsóknar um greiðsluaðlögun frá 1. mars 2011 til 10. mars 2018. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2019. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 28. júlí 2020 vegna verulegra vanskila stefnduÞóruen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 276.620 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 958.842 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 480,1 og 1% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:
Gjaldfallin afborgun dags. 1. mars 2019 kr. 136.487.
- dags. 1. mars 2020 kr. 140.133.

Samtals: kr. 276.620.

Eftirstöðvar kr. 958.842.

Samtals eftirst. kr. 1.235.462

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Dómkrafan á hendur aðalskuldara með dráttarvöxtum á þingfestingardeggi er 1.295.513 krónur. Stefnda Sonja tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir samtals allt að 12.473.432 krónur uppreiknað miðað við vísitölu neysliverðs í september 2020, 482,9. Stefndi Rúnartókst á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir samtals allt að 3.563.837 krónur uppreiknað miðað við vísitölu neysliverðs í september 2020, 482,9. Stefndu Sonju og stefnda Rúnari er því stefnt til greiðslu skuldarinnar í heild óskipt með aðalskuldara lánsins, stefndu Þóru.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. tl. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að því er varðar stefndu Þóru og stefndu Sonju en lögheimili stefndu samkvæmt Þjóðskrá Íslands er „óstaðsettur í hús“ og ekki hefur tekist að hafa upp á dvalarstað þeirra, þrátt fyrir eftirgrennslan. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefina reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

Stefna.

Skrá.

Frumrit skuldabréfs nr. G-072470.

Sjálfhábyrðaryfirlýsing dags. 8. febrúar 2008.

Umboð.

Yfirlit yfir útborgun lánsins.

Upplýsingar um námslok.

Yfirlit yfir greiðslustöðu láns.

Yfirlit yfir eftirstöðvar láns.

Yfirlit yfir ábyrgðir.

Innheimtuviðvörðun.

Innheimtubréf.

Tilkynning um gjaldfellingu lánsins.

Stöðuyfirlit miðað við þingfestingardag.

Upplýsingar um frýstingu lánsins vegna greiðsluaðlögunar.

Útrentanir úr Þjóðskrá Íslands.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirskall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 10. desember 2020, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður á stefndu Þóru og Sonju.

Stefnufrestur er þrír sólarhringar á stefnda Rúnar.

Reykjavík, 15. september 2020.

F. h Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2020020595

Útgáfud.: 30. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 28. september 2020 í máli nr. L-2043/2020 var Erla Sanne Engilbertsdóttir, kt. 211048-2989, svipt fjárræði í tíu ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 29. september 2020.

Halldóra Þorsteinsdóttir.

(2020020306

Útgáfud.: 1. október 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 30. september 2020 í máli L-5606/2020, var Valdimar Leó

Vesterdal, kt. 310791-2029, sviptur fjárræði tímabundið í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 30. september 2020.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari.

(2020020331

Útgáfud.: 2. október 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 1. október 2020 í máli L-4430/2020, var Einar Freyr Jónasson, kt. 150494-2229, sviptur fjárræði tímabundið í fimm ár frá 11. júlí 2020 að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. október 2020.
Skúli Magnússon héraðsdómari.

(2020020386

Útgáfud.: 6. október 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 30. september 2020 í máli L-5650/2020, var Þórkatla Hálfðánardóttir, kt. 280989-2589, svipt fjárræði tímabundið í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 30. september 2020.
Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari.

(2020020568

Útgáfud.: 2. október 2020

Heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 2020 var V1900 ehf., kt. 580208-0610, Krókhálsi 4, Reykjavík, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020.

Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 6. janúar 2021, klukkan 10.00, en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík.

Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Sigurður Logi Jóhannesson lögmaður.

Benedikt S. Skúlason
aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

(2020020371

Útgáfud.: 2. október 2020

Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns og endurskoðun friðlýsingar Skógafoss

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellows, kynnir hér með áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ sem fólkvang skv. 52. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins.

Einnig kynnir Umhverfisstofnun áform um endurskoðun friðlýsingar Skógafoss og nágrennis, í samræmi við 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Um er að ræða breytingar á mörkum náttúruvættisins ásamt endurskoðun á friðlýsingarskilmálum. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstakar náttúruvinjar, Skógafoss og ásynd hans, vistgerðir og líffræðilega fjölbreytni, sem og ánnu sjálfa og fossaröð hennar.

Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við málsmeðferð 2. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 4. desember 2020. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Athugasemdum við áformin má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun.

(2020020387

Útgáfud.: 5. október 2020

Áform um friðlýsingu Gerpissvæðisins

Umhverfisstofnun, ásamt sveitarfélaginu Fjarðabyggð og í samstarfi við landeigendur, kynnir hér með áform um friðlýsingu Gerpissvæðisins, milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Áformin eru kynnt í samræmi við ákvæði 36. og 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 1. desember 2020. Athugasemdum við áformin má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is/nattura/fridlysingar.

Umhverfisstofnun.

(2020020481

Lögbirtingablað,
49. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.